



## Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna Stofnþing 9. Júní 1940

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna – Stéttarfélag  
Stofnþing

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## S T O F N Þ I N G

### LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISVERKAMANNA OG SJÓMANNA.

Var sett í Varðarhúsinu í Reykjavík sunnudaginn 9. júní 1940 kl. 2 e.h. Formaður undirbúningsnefndar Hermann Guðmundsson setti þingið með ræðu. Að henni lokinni var kjörinn fundarstjóri Herm. Guðmundsson og ritarar Ólafur J. Ólafsson og Óskar Kárason. Þvínæst var gengið til dagskrár.

I. liður: Formaður sjálfstæðisflokksins Ólafur Thors ávarpaði þingheim. Benti hann á hina samhliða hagsmuni verkamanna og atvinnuveitenda, hvernig hagur beggja batnaði með velgengi atvinnuveganna en versnaði við samandrætt og erfiðleika þeirra. Einnig benti hann á réttmæti þess, að verkamenn gerðu sanngjarnar kröfur á hendur atvinnuvegunum þegar vel gengi. Að endingu þakkaði hann brautriðjendunum að stofnun málfundafélaga sjálfstæðisverkamanna, fyrir ótrautt starf og hét þeim og öðrum sjálfstæðisverkamönnum fyllsta stuðningi sjálfstæðisflokksins.

II. liður: Ræða Bjarni Benediktsson prófessor. Talaði hann um skipuleg Alþýðusambandsins og afstöðu sjálfstæðisverkamanna til þess. Var ræðan mjög ýtarleg.

III. liður: Ræða Gunnar Thoroddsen lögfræðingur. Talaði hann um upphaf og þróun verkalýðssamtakanna hér á landi og erlendis. Var ræðan hin fróðlegasta.

IV. Undirbúningsnefnd skilaði störfum og lagði fyrir þingið frumvarp til laga fyrir sambandið, sem svo var vísað til

laganefndar er kosinn var ásamt atvinnumálanefnd, verkalyðsmála-  
nefnd og kjörbréfanefnd, þá er undirbúningsnefnd hafði skilað  
af sér.

Í nefndirnar voru kosnir:

Laganefnd:

Verkalyðsmálanefnd:

Sigurður Halldórsson

Gísli Guðnason

Sveinn Sveinsson

Jón Bjarnason

Ingvi Jónsson

Valdimar Pétursson

Stefán Magnússon

Ásgeir Gunnarsson

Svanur Karlsson

Óskar Kárason

Hermann Guðmundsson.

Atvinnumálanefnd:

Kjörbréfanefnd:

Leó Árnason

Sveinn Sveinsson

Ólafur J. Ólafsson

Axel Guðmundsson

Guðmundur Magnússon

Leó Árnason.

Axel Guðmundsson

Arinbjörn Clausen

Jón B. Björnsson

Sigurður Þórðarson.

Áð nefndarkosningu lokinni var fundi slitið kl. 6.30 s.d.

Um kveldið voru þingmenn boðnir í kynningarkvöld er mið-  
stjórn sjálfstæðisflokksins hélt þeim í Oddfellowhúsinu. Voru  
þar fjöldi ræðna fluttar af fulltrúunum og miðstjórnarmönnum.  
Var kynningarkvöld þetta hið ánægjulegasta.

Mánudaginn 10. júní var fundur aftur settur í Kaupþings-  
salnum. Fundarstjóri var kosinn Sigurður Halldórsson og fundar-  
ritarar Stefán Magnússon og Jón B. Björnsson. Var svo gengið

til dagskrár:

I. liður: Sigurður Halldórsson flutti ræðu um aðdraganda til stofnunar málfundafélagsins Óðins Reykjavík, og um störf þess og sigra.

II. liður: Hermann Guðmundsson flutti ræðu um stofnun og starf og sigra málfundafélagsins Þórs, Hafnarfirði.

III. liður: Fulltrúar málfundaf. utan af landi gáfu skýrslur um störf félaga sinna. Töluðu þeir í þeirri röð, er hér segir:

- |   |        |  |
|---|--------|--|
| 1. Guðmundur Magnússon frá Málfundafél. | Baldri | Keflavík   |
| 2. Jón Bjarnason                        | -      | Njörður Akranesi   |
| 3. Svanur Karlsson                      | -      | Freyr Stokkseyri   |
| 4. Óskar Kárason                        | -      | Heimir Vestmannaeyj.   |
| 5. Arinbjörn Clausen                    | -      | Ægir Ísafirði  |
| 6. Leó Árnason                          | -      | Sleipnir Akureyri  |
| 7. Ásgeir Gunnarsson                    | -      | Draupnir Sigluf.   |
| 8. Stefán Magnússon                     | -      | Huginn Sauðárkrók  |
| 9. Valdimar Pétursson                   | -      | Víðir Blönduós   |
| 10. Jón B. Björnsson                    | -      | undirbúningsnefnd til stofnunar málfundafélagi í Borgarnesi. |

Að lokum gaf Hermann Guðmundsson skýrslu um störf þeirra félaga er ekki gátu sent fulltrúa á þingið. Að skýrslugjöfunum loknum var gefið fundarhlé.

Þá er fundur hafði verið settur aftur, var kosinn fundarstjóri Guðmundur Magnússon, en fundarritarar Leó Árnason og Sveinn Sveinsson. Var því næst haldið áfram með dagskrána.

IV. liður: Ræða Ólafur Thors atvinnumálaráðherra. Talaði hann um atvinnumál þjóðarinnar.

V. liður: Ræða Bjarni Snæbjörnsson alþingismaður. Talaði hann um lýðræðið innan verkalýðsfélaganna.

VI. liður: Ræða Thor Thors alþingismaður. Talaði um Vinnulöggjöfina.

VII. liður nefndir skiluðu störfum: Fyrst lagði verkalýðsmálanefnd fram svohljóðandi ályktun er samþykkt var af þinginu einróma:

#### NEFNDARÁLIT.

Landssamband sjálfstæðisverkamanna lýsir yfir því, að það telur breytinga á Alþýðusambandi Íslands til frekara frelsis og jafnréttis innan þess óhjákvæmilegar. Landsambandið telur, að með núverandi skipulegi Alþýðusambandsins sé sjálfstæðisverkamönnum gert ómögulegt að vinna innan sambandsins. Landssambandið felur því stjórn sinni að styðja að því eftir fremsta megni, að breyting á Alþýðusambandinu fáiast breytt hið bráðasta, að öðrum kosti heimilur Landssambandið stjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til réttarvernda fyrir sjálfstæðisverkamenn.

Því næst lagði atvinnumálanefnd fram sínar ályktanir er voru samþykktar með dálitlum breytingum þannig:

#### 1. þing, stofnþing

Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna telur eftirfarandi megin úrlausnarefni, til útrýmingar hinu stöðugt vaxandi atvinnuleysi, bjargarskortu og fátækraframfæri fullkomlega starfhæfs fólks.

- I. a. Að allt ræktanlegt land, sem liggur innan takmarka bæja, kaupstaða og kauptúna, og ekki útlit fyrir að notað verði sem almennt lóðaland næstu 10-12 ár, eða eru nú þegar nýtt á annan hátt, verði skipt upp 1-2 ha reiti og úthlutað til eignalausra fjölskyldumanna sem erfðafestuland.
- b. Að afnotagjald verði svo lágt sem frekast er unnt.
- c. Að ákveðin upphæð fylgi hverri landspildu sem kúgildi eða hið opinberlega hlutist á annan hátt til um að landið komi móttakanda að fullum notum.
- II. Að ríkissjóður, bæjarsjóðir og sveitasjóðir kaupi bústofn (kúgildi) fyrir hvert nýbýli, sem tekið er til ábúðar eftir áramót 1940-41. Bústofn þessi skal ávalt fylgja býlinu og endurnýjast af ábúanda.
- III. Að gera nú þegar viðtækar athuganir á íslenzku efni til byggingar og styðja að byggingum úr því.
- Að afnema toll af efni til mótorskipa og bátasmíða og það opinbera, bæir, sveitafélög og ríki hlutist til um að einstaklingar eða félög hefjist þegar handa um smíði opinna vélbáta og endurnýjun starri báta og skipa, eftir því sem frekast er unnt.
- Að iðnlöggjöfinni sé breytt þannig, að ekki sé hægt að útiloka menn frá því að læra hverja þá iðngrein sem er. En kjör nemenda verði aftur gerð svo góð, að þeir skapi ekki óhæfa samkeppni við sveinana.
- Að það opinbera hlutist til um að fjárslátrun fari ekki fram í þeim landshéruðum, sem enn eru trygg gegn mæðiveik-

inni og komi þannig í veg fyrir að bústofn landsmanna rýrni til stórra muna.

Að iðnaði landsmanna, sem þarf erlent hráefni, verði tryggt nægilegt efni svo iðnaðar framleiðslan þurfi ekki að stöðvast þeirra orsaka vegna.

Að iðnaðurinn fái rekstrarlán með hagkvæmum kjörum.

Að ríkið hlutist til um að gerður verði út leiðangur á þessu sumri til Jan Mayen og tekið þar svo mikið af viði sem unt er og vinna svo að nothæfur sé til bygginga.

Að hið opinbera hlutist til um að sem flestir vinnuþiggjendur geti fengið hlutdeild í arði þeirra fyrirtækja sem þeir vinna við. Ennfremur að samræmt verði arðskipti fyrirkomulagið við sjávarútveginn og fundið almennt og réttlátt hlutaskipti fyrirkomuleg fyrir allt landið.

Að tolla og skattalöggjöfinni verði breytt þannig að hún ýti undir athafnastarf og framtak einstaklinganna.

Að siglingafloti landsmanna verði aukinn svo fljótt sem verða má.

Þá skilaði laganefnd störfum, lagði hún til að lagafrumvarp undirbúningsnefndar yrði samþykkt með þeim breytingum er hún hefði gert á því og var lagafrumvarpið þannig samþykkt með dálítilli breytingu frá þingheimi.

VIII. liður. Stjórnarkosning. Kosnir voru:

Aðalstjórn:

Varastjórn:

Forseti Hermann Guðmundsson, Hafnarf. Svanur Karlsson, Stokkseyri

Varaforseti Sig. Halldórsson, Rvík. Ásgeir Gunnarsson, Sigluf.

Ritari Ólafur J. Ólafsson, Rvík. Guðmundur Magnússon, Keflavík  
Gjaldkeri Axel Guðmundsson, Rvík. Valdimar Pétursson, Blönduós  
Fjármálaritari Ingvi Jónsson, Hafnarf. Ragnar Elíasson, Vestmannaeyj.  
Meðstjórnandi Leó Árnason Akureyri Sigurður Þórðarson, Reykjavík.  
- Óskar Kárass. Vestm. eyj. Sveinn Sveinsson, Reykjavík.  
- Stefán Magnúss. Sauðárk. Ísleifur Guðmundsson, Hafnarf.  
- Arinbjörn Clausen, Ísaf. Bjarni Jónasson, Akureyri.  
- Jón B. Björnsson, Borgarn.  
- Jón Bjarnason, Akranesi. Endurskoðendur:  
Gísli Guðnason, Rvík.  
Sigurbjörn Guðmundsson, Hafnarf.  
Kristinn Árnason, Rvík.

Þá er stjórnarkosningu var lokið, kvaddi sér hljóðs hinn nýkjörni forseti. Flutti hann ávarp til þingsins, og hvatti til þróttmikillar og einhuga baráttu fyrir vexti og viðgangi málfundafélaga sjálfstæðisverkamanna ásamt fyrir bættum hag verkalýðsins í landinu. A) svo mæltu sleit forseti þingi.

Þriðjudaginn 11. júní var í boði undirbúningsnefndar farið austur á Þingvöll. Var staðurinn skoðaður, skemmt sér við ræður og söng í Valhöll og. s. frv. Á heimleiðinni voru gróðurhúsin í Reykjum í Mosfellssveit skoðuð. létu allir þátttakendur hið besta yfir þessu ferðalagi.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á þinginu utan dagskrár frá þeim Hermanni Guðmundssyni, Ólafi J. Ólafssyni og Sigurði Halldórssyni:

Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna skorar á ríkisvaldið að afnema allar hömlur á réttlátri kauphækkun verkalýðsins.